

Atli Harðarson

Beðið eftir barbörunum og áttunarvandi þeirra sjálfumglöðu

Konstantinos P. Kavafis (Κωνσταντίνος Π. Καβάφης, 1863 – 1933) sendi aðeins frá sér 154 ljóð um ævina, gaf raunar engin þeirra út í bók heldur dreifði þeim í heftum og á lausum blöðum til fáeinna útvalinna. Hann telst þó með merkustu ljóðskáldum heimsins af sinni kynslóð. Mér telst til að íslenskar þýðingar á 33 ljóðum eftir hann hafi birst á prenti og í þessari grein bætast nokkrar við.¹ Eitt þekktasta ljóð hans er Beðið eftir barbörunum frá 1904. Það hefur áður komið út í tveim ólíkum þýðingum á íslensku og hér kemur sú þriðja:²

Beðið eftir barbörunum

– Eftir hverju erum við að bíða, samankomin á torginu?

Eftir barbörunum. Þeir koma í dag.

– Af hverju er þingið svona aðgerðalaust?

Hvers vegna sitja öldungarnir án þess að setja nein lög?

Af því að barbararnir koma í dag.

Hvaða lög setja öldungar héðan af?

Þegar barbararnir koma ákveða þeir lögin.

– Af hverju er keisarinn kominn á fætur svona snemma

og situr við breiðasta borgarhlíðið

á veldisstóli með viðhöfn og kórónu?

Af því að barbararnir koma í dag.

Hann bíður eftir að taka á móti

foringja þeirra og hefur tilbúið bókfell

¹ Þýðendurnir sem ég veit af eru sjö. Þorsteinn Þorsteinsson er þeirra afkastamestur. Samtals 15 þýðingar eftir hann eru í bókunum *Grikkland ár og síð* (Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson, 2009) og *Grikkland alla tíð* (Kristján Árnason, 2013) þar af höfðu 5 birst áður í blöðum eða tímaritum.

Næstflestar þýðingar á Gyrðir Elíasson (2011) eða 10. Þrjár af þýðingum Gyrðis eru einnig í bókinni *Grikkland alla tíð*.

Eftir mig hafa birst þýðingar á 5 ljóðum og er þær að finna í *Són, tímariti um óðfræði*, 8. árg., *Uppeldi og menntun*, 21. árg. og bókinni *Grikkland alla tíð*. Fleiri þýðingar eftir mig má finna á heimasíðu minni <https://notendur.hi.is/atlivh/>

Þýðingar Baldurs Ragnarssonar á 3 ljóðum birtust í *Birtingi*, 10. árg.

Þorsteinn Vilhjálmsson (2016) á tvær þýðingar.

Þýðing Hlínar Agnarsdóttur á einu ljóði birtist í *Morgunblaðinu*, 16. júlí 2000.

Þýðing Thors Vilhjálmssonar á einu ljóði birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* 9. febrúar 1985.

Listi yfir allar þessar þýðingar liggur frammi á https://notendur.hi.is/atlivh/data/isl_thyd_a_ljodum_e_Kavafis.pdf

² Ljóðapýðingar í þessari grein eru unnar af mér. Ég þýddi úr grísku eftir texta úr tveim bókum með ljóðum Kavafis (Kavafis, 2008; Cavafy*, 2007). Til hliðsjónar hafði ég enskar þýðingar (í Cavafy, 1961, 2007). Beðið eftir Barbörunum hefur áður birst í íslenskum þýðingum Þorsteins Þorsteinssonar (í Kristján Árnason, 2013) og Thors Vilhjálmssonar (í *Lesbók Morgunblaðsins* 9. febrúar 1985).

* Sjálfur ritaði Kavafis nafn sitt „Cavafy“ þegar hann skrifaði á ensku og sá ritháttur er jafnan notaður af enskumælandi fólki.

til að gefa honum. Á það hefur keisarinn
ritað fyrir hann marga titla og nöfn.

– Af hverju eru ræðismennirnir báðir og æðstu dómarnir úti
í rauðum klæðum og útsaumuðum yfirhöfnum;
af hverju bera þeir skart með þvílíkum fjölda af ametýstum
og fingurgull með ljómandi smarögðum;
af hverju halda þeir um dýrindis sprota í dag,
útskorna og skreytta með silfri og gulli?

Af því að barbararnir koma í dag
og barbarar heillast af slíkum hlutum.

– Af hverju koma okkar ágætu ræðumenn ekki út
að flytja erindi og segja sitt eins og þeir eru vanir?

Af því að barbararnir koma í dag
og barbörum leiðist málskrúð og ræður.

– Af hverju byrjar skyndilega allur þessi órói
og glundroði. (Andlitin á fólkinu, hvað allir eru alvarlegir á svipinn).
Af hverju tæmast göturnar og torgin svona hratt
og hvers vegna fara allir heim til sín og eru svona hugsí?

Af því að dagurinn er liðinn og barbararnir komu ekki.
Það hafa líka komið menn frá útjöðrum ríkisins
og sagt að það séu engir barbarar lengur til.

— — —

Hvað verður nú um okkur án barbaranna.
Þetta fólk var jú úrlausn af einhverju tagi.

Eins og Edmund Keeley (1976, bls. 31) hefur bent á og skrifað um er Beðið eftir barbörunum ólíkt eldri ljóðum Kavafis meðal annars vegna þess að það endar á spurningu um okkur öll. Ljóðin sem á undan komu voru svo sem ekki ákaflega mörg því fyrir 1904 hafði hann aðeins birt tólf ljóð, þau fyrstu 1897.

Í bók sinni um stjórnmálhugsun Kavafis hefur Stratis Tsirkas (1971) rökstutt að hann hafi byrjað að semja Beðið eftir barbörunum árið 1899 eða 1900 og tilefni þess hafi verið orrustan við Omdurman sem háð var 2. september 1898. Tveim dögum eftir að Bretar sigruðu liðsveitir Abdullah al-Taashi í Súdan í þessari orrustu, og stráfelldu um 27.000 manns, lýsti dagblaðið *Vitinn í Alexandríu (Phare d'Alexandrie)*, sem gefið var út á frönsku, því yfir að siðmenningin hefði nú loks haft betur gegn barbarismanum eða villimennskunni (Tsirkas, 1971, bls. 50).

Þessi ummæli dagblaðsins ýttu ef til vill við Kavafis og ef til vill skipti líka máli að um svipað leyti og ljóðið var ort las hann sögu Edwards Gibbon (1737–1794) um hnignun og hrun Rómaveldis (Boletsi, 2014), þar sem segir frá því að barbarar úr norðri lögðu þetta forna veldi undir sig og er látið að því liggja að þeim hafi tekist það vegna þess að siðferðisstyrk Rómverjanna hefði hnignað. En þetta tvennt er tæpast meira en tilefni. Ljóðið er ekki beinlínis um orrustuna við Omdurman og ekki heldur um fall Vestrómverska ríkisins. Það er miklu fremur um okkur: „Hvað verður nú um okkur“.

Spurningar um visku og sæmd

Stór hluti af ljóðum Kavafis fjallar um sögulega atburði. Það er því freistandi að leita að einhvers konar söguspeki, eða skilningi á gangi sögunnar, í ljóðum hans um liðna tíð – og víst er þetta ljóð að einhverju leyti um liðna tíð þegar öldungar settu lög, keisari bar kórónu og ræðismenn og æðstu dómáttarar voru í rauðum klæðum og útsaumuðum yfirhöfnum. Margir hafa reynt að fanga skilning Kavafis á sögunni (t.d. Beaton, 1983; Boletsi, 2007, 2014; Catsaouni, 1983; Clay, 1983; Keeley, 1976; McLanan, 2015; Spender, 1983) en aðallega gripið í tómt. Nokkrir hafa bent á að hann fjallaði alloft um glötuð tækifæri og hampaði þeim sem biðu einhvers konar ósigur (t.d. Forster, 1983b; Keeley, 1983; Spender, 1983). En ósigarnir eru samt ekki aðalatriði hjá Kavafis heldur hvernig menn geta hafið sig yfir þá, átt auð sem glatast ekki við gjaldprot, eins og E. M. Forster (1983b, bls. 45) orðar það, eða menntun sem gerir þeim kleift að mæta örlögum sínum uppréttir. Hugsun í þessa veru birtist snemma á ferli Kavafis, til dæmis í ljóðinu Laugaskörð frá 1903.

Laugaskörð³

Heiður þeim sem með lífi sínu
gengu fram að verja Laugaskörð.
Aldrei hvika þeir frá skyldu sinni;
réttlátir, hreinir og beinir í hverju verki,
þó með miskunn og samkennd;
höfðinglegir í ríkiðæmi, og líka
í smærri stíl þó fátækir séu,
veita þá liðveislu eftir föngum;
mæla ætíð hvað satt er
án þess að hata lygarana.

Og enn meiri heiður þeim ber
er þeir sjá fyrir (og margir sjá fyrir)
að Efíaltis birtist um síðir og Medar
brjótast að lokum í gegn.

Ég held að meginhugsunin í ljóðinu Beðið eftir barbörunum sé sú sama og í mörgum öðrum ljóðum eftir Kavafis og að stór hluti af skáldskap hans fjalli um möguleika fólks á að öðlast tiltekna gerð af visku og virðuleika. Ljóðasafn hans myndar heild þar sem hugsun sem er ýjað að í einu ljóði er skýrð nánar í öðru. Ljóðið Beðið eftir barbörunum snýst, að mér virðist, um spurningar sem eru gegnumgangandi í öllu ljóðasafninu. Þetta eru spurningar um okkar eigin möguleika til að átta okkur á hvað framundan er og ganga upprétt til móts við nýja tíma.

Ef við lítum á ljóðasafn Kavafis sem heildstæða tilraun til að skilja hlutskipti mannfólksins eru þessar tvær spurningar ef til vill undirspurningar og aðalspurningin hvort mennirnir séu aðeins aumingjar „sem

³ Til forna lá helsta landleiðin milli Þessalíu og Lókris um Laugaskörð (Θερμοπύλες) sem eru við austurströnd mið-Grikklands. Þar varðist fámennit lið frá Spórtu, undir forystu Leoníðasar, miklum her Meda í orrustu árið 480 f. Kr. Í orrustunni féll Leoníðas og allir hans menn. Þótt þeir lokuðu um stund veginum fyrir fjölmennum her Meda kom það fyrir ekki, því komast mátti fyrir skörðin um fjallaslóð sem erfitt var að finna. Svikarinn Efíaltis vísaði innrásarhernum á þessa torfundnu leið og komust Medar eftir henni inn til lands.

örlögin hafa sem leikföng“ eins og guðinn Seifur er látinn orða það í einu af fyrstu ljóðunum sem Kavafis birti, ljóðinu um hesta Akkillesar frá árinu 1897.⁴

En snúum okkur að spurningunum sem ég held að búi að baki ljóðinu um fólkið sem beið eftir barbörunum.

- Getum við áttað okkur á hvað framundan er?
- Getum við gengið upprétt til móts við það sem bíður okkar?

Þessar spurningar hafa væntanlega verið áleitnar í byrjun síðustu aldar. Þegar Kavafis birti sín fyrstu ljóð stóðu bæði evrópsk menning og heimur grískumælandi fólks nálægt brún hengiflugs. Fyrri heimstyrjöldin (1914–1918) og katastrofan í Smyrnu (1922) voru ekki langt undan og óvíst var um framtíð þess fjölþjóðlega samfélags í Alexandríu sem Kavafis sjálfur tilheyrði.

Í sumum ljóða sinna virðist Kavafis óttast að svarið við báðum spurningum sé einfaldlega nei. Sem dæmi má taka Endalokin frá 1911 þar sem við leitum „með skelfd augu“ að undankomuleið undan hættum sem við teljum yfirvofandi en verðum þá fyrir annarri holskeflu „sem við hefðum aldrei getað séð fyrir“.⁵ Í öðrum ljóðum gerir skáldið sér að minnsta kosti vonir um að það sé kostur á visku, að menn geti áttað sig á hvað framundan er nógu snemma til að ganga uppréttir til móts við það. Þetta er líklega orðað skýrast í ljóðinu um vitra menn frá 1915.

Vitrir menn⁶

Því guðir skynja það sem er í framtíð, menn það sem orðið er
og vitrir menn það sem er í þann mund að verða.
Fílostratos, *Ævisaga Apolloniosar* frá Tyana, VIII, 7.

Mennirnir þekkja það sem orðið er.
Það sem er í framtíðinni þekkja guðirnir,
þeir einir eiga ljósin öll svo hvaðeina birtist til fulls.
Af því sem er í framtíðinni nema vitrir menn
hvað er í þann mund að verða. Heyrn

þeirra er við og við áreitt þegar þeir eru niðursokknir
í alvarlegan lærdóm. Dularfullur ómur
atburða sem styttist í að verði nær til þeirra.
Og þeir ígrunda hann af lotningu. Meðan fjöldinn
úti á götunni heyrir ekki neitt.

Skilningsleysi mælendanna í Beðið eftir Barbörunum birtist lesendum í lok ljóðsins vegna þess að þar segir frá því að annað fólk áttar sig – götur og torg tæmast og allir eru alvarlegir á svipinn og hugsni. Framan af ljóðinu lætur sá sem svarar eins og hann viti hvað er í vændum. En undir lokin sér lesandinn að hann veit mun minna en hann hélt sig vita. Hann er ekki ekki vitur maður í þeim skilningi sem settur

⁴ Íslensk þýðing mín á þessu ljóði er í bókinni *Grikkland alla tíð* (Kristján Árnason, 2013, bls. 256).

⁵ Tilvitnanir úr þýðingu Gyrðis Elíassonar (2011, bls. 279).

⁶ Á frummálinu er titill ljóðsins úr tilvitnuninni í Fílostratos sem er yfirskrift þess „Og vitrir menn það sem er í þann mund að verða“ („Σοφοί δε Προσιόντων“).

er fram í ljóðinu Vitrir menn. Það er öðru nær. Hann áttar sig ekki á undan fjöldanum úti á götu heldur eftir á.

Að bregða svona upp mynd af öðrum sem átta sig – í þessu tilviki öllum þeim sem fara „heim til sín og eru svona hugsi“ – er einkenni á mörgum af ljóðum Kavafis. Elsta dæmið um þetta einkenni er ljóðið Bæn frá 1898.

Bæn

Hafið tók sjómann einn til sín og dró hann í djúpið. –
Móðir hans veit þetta ekki, en kemur og kveikir

á háu kerti frammi fyrir helgri guðsmóður
að tíðin verði góð og hann komist brátt til baka –

og allan tímann snýr hún eyra sínu áveðurs.
En meðan hún ber upp bænir sínar og andvörp

hlustar myndin, alvarleg og döpur, vitandi vel
að aldrei kemur sonurinn sem hún bíður eftir.

Hér er hugsunin um hvað móðirin veit – eða öllu heldur veit ekki – sett fram sem mynd eða frásögn af öðrum – í þessu tilviki helgimynd – sem glöggvar sig betur. Sjónarhornið verður eiginlega fjórðu persónu, fremur en þriðju. Það er ekki látið duga að segja hvernig einhver þriðja persóna sér hlutina, heldur brugðið upp mynd af því hvernig aðrir virða fyrir sér hvað hún sér. Þannig verða, eins Helen Catsaouni (1983) segir, til tvö horf til sama atviks á sviðinu. Vitneskja annarra er notuð til að staðsetja menn í sögu sem er þeim ókunn. Lesandinn fær bæði að sjá með augum þess sem þreifir sig áfram um völundarhúsið og þess sem nær að gægjast aðeins ofan í það. Þetta verður stundum flókið speglaverk í fáeinum línnum þar sem er ekki bara horft á menn, heldur horft á hvernig menn horfa á menn. Dæmi um þetta, sem er hliðstætt við óvitaskap mælendanna sem biðu eftir barbörunum, er að finna í ljóðinu um konungana í Alexandríu frá 1912.

Konungarnir í Alexandríu

Alexandríubúar söfnuðust saman
til að sjá börn Kleópötru,
Sesaríon⁷ og litlu bræður hans,
Alexander og Ptolemajos, sem var
farið með í fyrsta sinn út á Leikvanginn
þar sem konungdómur þeirra skyldi kunngjörður
innan um hermenn í ljómandi fylkingum.

⁷ Ptolemajos XV Filopator Filometor Sesar (47 – 30 f. Kr.) var kallaður Sesaríon (á grísku Καισαρίων, sem merkir Litli-Sesar, þar sem smækkunarendingu er skeytt við nafnið Καισαρ). Hann var sonur Kleópötru VII Filópator (69 – 30 f. Kr.) sem stundum hefur verið kölluð síðasti faraó Egyptalands. Hún var af ætt Ptolemaja sem tók við stjórn landsins eftir að herir Alexanders mikla lögðu það undir sig. Ættfaðir fjölskyldunnar hét Lajos.

Sögur herma að Júlíus Sesar (100 – 44 f. Kr.) hafi verið faðir Sesaríons. Faðir yngri bræðranna tveggja, sem nefndir eru í ljóðinu, var Markús Antoníus (83 – 30 f. Kr.), einn helsti samherji Júlíusar Sesar. Sá eldri þeirra tveggja, Alexander, var fæddur 40 f. Kr. og sá yngri, Ptolemajos, 36. f. Kr. Atburðurinn sem frá segir átti sér stað 34 f. Kr. svo þeir bræður hafa verið harla ungir að árum.

Alexander – hann var nefndur konungur
Armeníu, Medíu og Parþíu.
Ptolemajos – hann var nefndur konungur
Kilikíu, Sýrlands og Föníkíu.
Sesaríon stóð framar,
klæddur í rósrautt silki,
með blómknippi úr goðaliljum við brjóst sér,
tvöföld röð af safírum og ametýstum á beltinu,
skórnir bundnir með hvítum lindum
og á þá saumaðar bleikar perlur.
Hann var sagður æðri en þeir yngri
og nefndur konungur konunganna.

Alexandríubúar gerðu sér auðvitað ljóst
að þetta voru aðeins orð og sjónarspil.

En dagurinn var heitur og ljóðrænn,
himinninn bjartur og heiður,
Leikvangurinn í Alexandríu
sigrihrósandi afreksverk lista og tækni,
hirðin svo íburðarmikil að engu var líkt,
Sesaríon fullur af þokka og fegurð
(sonur Kleópötru, blóð Lajosarniðja);
og Alexandríubúar skunduðu á hátíðahöldin,
urðu ákafir og fögnuðu
á grísku og egypsku og nokkrir á hebresku,
heillaðir af hinni dásamlegu sýningu –
þó þeir vissu auðvitað hvers virði hún var,
hvað öll þessi konungdæmi voru innantóm orð.

Þessari úthlutun á hefðartitlum og konungdæmum, sem frá segir í ljóðinu, var ekki vel tekið af Octavianusi sem réð ríkjum í Róm eftir að Júlíus Sesar var allur og varð keisari 27 f. Kr. og eftir það nefndur Ágústus. Það átti enginn annar en hann að vera konungur konunganna. Fyrir voru fáleikar með Ágústusi og Markúsi Antoníusi. Rimmu þessara tveggja fyrrum samverkamanna Júlíusar Sesars lauk svo að Ágústus fór með her inn í Egyptaland og innlimaði það í ríki sitt. Sögur herma að þau skötu hjú Antoníus og Kleópatra hafi framið sjálfsmorð þegar ósigur blasti við þeim en menn Ágústusar hafi náð Sesaríon á sitt vald og tekið hann af lífi.

Í ljóðinu er eins og öllum hafi verið ljóst, nema kóngafólkinu sjálfu, að veldi Ptolemaja átti enga framtíð fyrir sér. Sú skipan heimsmála sem komst á eftir sigurgöngu Alexanders mikla hlaut að víkja fyrir sókn Rómverja. Hér er því aftur á ferð sjónarhorn „fjórðu persónu“, af svipuðu tagi og í ljóðunum Beðið eftir barbörunum og Bæn. Við sjáum vanþekkingu eða fávísi kóngafólksins vegna þess að í ljóðinu segir líka frá áhorfendum sem vita betur.

Tvö önnur dæmi sem varpa ljósi á þessa hugsun Kavafis eru ljóð sem hann orti um Neró keisara. Þau eru Fótatakið frá 1909 og Tími Nerós frá 1918.

Fótatakið

Í rúmi úr svartviði skreyttu
með kóröllum í arnarlíki, sefur Neró
djúpum svefni – meðvitundarlaus⁸, rólegur og hamingjusamur;
fjörmikið kraftalegt hold,
dásamleg hreysti æskumannsins.

En í alabastursherberginu eru heimilisguðirnir⁹
lokaðir inni. Þeir eru skjálfandi
ofan í goðaskríninu forna
sem tilheyrir ætt Ahenobarbusar¹⁰
og reyna að fela auvirðilega líkama sína.
Því þeir heyrðu ógnvænlegan dyn,
feigðarhljóð á leið upp stigann,
um þrepin drynja fótatak úr járn.
Og vesöl goðin sundlar við,
þau troðast núna innst í skrínið,
þar ýtir einn við öðrum og þeir falla
litlir guðir hver um annan þveran
því þeir greina og skynja hvers kyns er,
að dynur sá er fóthljóð refsinnora.

Tími Nerós

Neró hafði ekki áhyggjur af því
sem véfréttin í Delfí spáði.
„Hræðast skyldi hann sjötíu og þriggja ára.“
Enn mundi ráðrúm til að njóta.
Hann er þritugur. Guðinn gefur
nægan tíma og vel það
til að bregðast við hættum framtíðarinnar.

Nú snýr hann aftur til Rómar dálítið þreyttur,
en þreyttur með besta móti eftir þessa ferð,
sem var ánægjuleg hvern einasta dag –
í leikhúsum, görðum og þar sem menn æfðu fimi sína ...
Kvöldin í borgum Akkea ...
Mest af öllu, unaður nakinna líkama ...

Svo er Neró. En á Spáni er Galbas¹¹
og þjálfar her sem hann hópar saman á laun,
gamall maður, sjötíu og þriggja ára að aldri.

⁸ Orðið sem hér er þýtt með „meðvitundarlaus“ er „αουνειδητος“ sem getur líka þýtt samviskulaus.

⁹ Í frumtextanum eru heimilisguðirnir kallaðir Lares upp á latínu og goðaskrínið Lararium. Ég veit ekki til að slík blæti hafi neitt nafn á íslensku svo ég tala bara um heimilisguði og goðaskrín.

¹⁰ Ættarnafn Nerós var Ahenobarbus.

¹¹ Galbas sem átti mikinn þátt í falli Nerós var hyltur sem keisari af hermönnum sínum á Spáni árið 68.

Neró keisari var nánast persónugervingur ófyrirleitinnar og sjálfumgleðinnar. Hann leit á sig sem mikinn listamann og snilling. Grikklandsferðin sem frá segir í seinna ljóðinu, var farin árið 67 og Neró drap sig árið eftir þegar öll sund voru lokað fyrir honum. Í þessari ferð fannst honum sér vegna vel en samt þurfti hann að múta mótshöldurum á Ólympíuleikunum til að veita sér verðlaun. Þótt hann sofi öldungis grandalaus í fyrra ljóðinu var herinn að snúast gegn honum og svo að lokum lífvarðasveit hans sjálfs.

Af öllum þeim sem Kavafis fjallaði um í ljóðum sínum er Neró ef til vill skýrasta dæmið um hvernig sjálfumgleðin útilokar visku og gerir fólki ókleift að átta sig á hvað bíður. Hér er enn á ferð „sjónarhorn fjórðu persónu“ því við sjáum blindu hans af því hvernig heimilisguðirnir og véfréttin í Delfí vita betur, og hann er engu nær þó véfréttin gefi honum vísbendingu því hann túlkar hana eins og annað sér vil. Annað dæmi um ámóta heimsku er í ljóðum sem Kavafis orti um Julíanus trúvilling, keisara í Miklagarði frá 361 til 363, sem hvarf frá kristni og reyndi að endurvekja heiðinn átrúnað. Kavafis fjallar um hann í sex ljóða sinna og gefur honum heldur hrakleg eftirmæli því hann áttaði sig ekki á hvað klukkan sló og hélt ekki stillingu sinni. Niðurlagsorðin í síðasta ljóði Kavafis, í úthverfi Antiokkíu, frá 1933, eru jafnframt það síðasta sem hann lét frá sér fara um hrokafulla og sjálfumglöða menn: „Það sem máli skiptir er að hann brjáláðist“ („Το ουσιώδες είναι που έσκασε“).

Kavafis orti líka um fólk sem áttaði sig á hvað framundan var og hélt hnarreist til móts við örlög sín eins og þeir sem „gengu fram að verja Laugaskörð.“ Hann útlokaði ekki möguleikann á visku af því tagi sem hann lýsti í ljóði sínu um vitra menn. Eitt eftirminnilegt dæmi er Kratisiklía sem frá segir í ljóðinu Kom þú, konungur Lakverja.¹² Það er eitt af síðustu ljóðum Kavafis, frá 1929. Kratisiklía virðist vita hvað er í vændum og ganga upprétt til móts við það sem bíður hennar. Það er ekki gefið í skyn að þetta sé neitt auðvelt en hún er samt virðingarverð – hefur þá visku sem var ekki að finna hjá Neró, kóngafólkinu í Alexandríu og svarandanum í Beðið eftir barbörunum.

Kom þú, konungur Lakverja

Kratisiklía lagði sig ekki niður við
að gráta og barma sér á almannafæri;
gekk heldur um tignarleg og þögul.
Hún brá aldrei svip og sýndi engin merki
um sársaukann og harðræðið sem hún mátti þola.
Þar kom þó að hún sleppti sér eitt augnablik;
áður en hún sté um borð í það auma skip sem sigldi til Alexandríu
tók hún son sinn með inn í hof Póseidons,
þegar þau voru þar ein saman faðmaði hún hann
og kyssti „kvalin öll“ segir Plútark
og „mjög í öngum sínum“.
Svo lét skapstyrkur hennar til sín taka
og þessi undursamlega kona endurheimti stillingu sína
og sagði við Kleómenes „kom þú, konungur
Lakverja, og nær við erum úti stödd
skal enginn sjá að við höfum fellt tár

¹² Bakgrunnur þessa ljóðs er sagan um það þegar Ptolemajos III konungur í Egyptalandi bauð Kleómenesi konungi Lakverja liðveislu gegn því að móðir hans og börn kæmu sem gíslar til Alexandríu. Móðirin, Kratisiklía, féllst á að fara ásamt barnabörnum sínum. Eftir að Ptolemajos III féll frá árið 222 f. Kr. lét eftirmaður hans taka Kratisiklíu og börnin af lífi.

né neitt það gjört sem eigi sæmir
Spartverjum.¹³ Það eitt er á okkar valdi;
forlög okkar velta á guðsins gjöf.“

Og hún gekk um borð til móts við þessa „gjöf“.

Skáhallt við heiminum

Kavafis var utangarðsmaður og það á fleiri vegu en einn og fleiri en tvo. Hann var í fyrsta lagi samkynhneigður, í öðru lagi evrópskur menntamaður í Egyptalandi og skáld sem orti á grísku en bjó á jaðri hins grískumælandi heims. Svo var hann líka tvítyngdur og sumir telja að hann hafi alla tíð talað grísku með enskum hreim (McClanan, 2015). Eins og Peter MacKridge (2007) bendir á í inngangi að útgáfu Oxford University Press á ljóðum Kavafis fann hann sífellt leiðir til að horfa annars staðar frá en flestir gerðu.

Kavafis var meðvitaður um eigin stöðu. Í ljóði frá 1927 sem fjallar um daga ársins 1896 horfir ljóðmælandinn á hvernig samkynhneigður maður býður þröngsýni og skinhelgi samfélagsins birginn og mælandinn sér meinlokur þess vegna þess að hann er líka samkynhneigður sjálfur. Í fleiri ljóðum tæpir Kavafis á visku þeirra sem standa utan við. Sem dæmi má taka ljóðið Um miðjan mars frá 1911. Þar ávarpar skáldið Júlíus Sesar og ráðleggur honum að gefa gaum að þeim sem koma aðvífandi, eins og heimspekingurinn Artemidoros, með skilaboð frá heimi utan valdamiðjunnar, fremur en að hlusta á öldungana og alla þá sem bugta sig og beygja fyrir honum. Það er næstum eins og Kavafis segi: Ef þú getur ekki sjálfur staðið utan og ofan við og séð niður í völundarhúsið, hlustaðu þá á aðra sem geta það.

Viskan sem Kavafis spyr um í ljóðum sínum er að minnsta kosti öðrum þræði fengin með því að vera utangarðsmaður. Hann minnir víða á að glögg er gestsaugað. Kunnasta dæmið er ljóðið Íþaka frá 1911 þar sem sá sem er ávarpaður er minntur á að afla sér visku með því að vera gestur og koma „með unaði og gleði í ókunnar hafnir“.¹⁴

Bretinn E. M. Forster þekkti Kavafis og heimsótti hann þar sem hann bjó í húsi númer 10 á Rue Lepsius í Alexandríu. Hann lýsti skáldinu sem herraþingi sem stóð grafkyrr úti á götu með stráhatt og „sneri aðeins skáhallt við heiminum“ (Forster, 1983a, bls. 13). Forster segir að Kavafis hafi ekki gert sér vonir umfram það að „vera lesinn af skilningi í Alexandríu og umborinn í Aþenu“ (Forster, 1983b, bls. 40). Keeley hefur svipaða sögu að segja. Meðan Kavafis lifði voru ljóð hans hvergi til sölu og hann vakti ekki athygli fyrr en undir lok ævinnar, ekki einu sinni í Aþenu (Keeley, 1976, bls. 11). Það er þó til frásögn Aþenubúa sem hét Grigorios Xenopúlos og kynntist Kavafis í byrjun 20. aldar og lýsti honum ekki bara sem skáldi heldur líka sem manni með óvenjulega vitsmuni.

Xenopúlos var einn af þeim fáu vinum sem fékk eintök af ljóðum Kavafis. Hann birti stutta frásögn af fundum þeirra í tímariti um listir sem hét *Panapinea* (Παναθηναία) í nóvember 1903. Í greininni eru nokkur ljóð eftir Kavafis svo hann fékk einhverja kynningu í Aþenu í byrjun skáldaferils síns (Xenopúlos. e.d.) þó kvæðum hans hafi almennt verið fálega tekið (Jusdanis, 2015).

¹³ Sparta var höfuðborg Lakverjalands, sem stundum er líka kallað Lakedemónía.

¹⁴ Tilvitnun úr þýðingu minni sem birtist sem eftirmáli við grein í tímaritinu *Uppeldi og menntun* (Atli Harðarson, 2012).

Sennilega gerði Kavafis alla sína tíð ráð fyrir að vera utangarðs, líta veröldina með gestsaugum og geta aðeins miðlað fáum því sem hann sá. En hann var ekki bara utangarðsmaður heldur líka heimsborgari – sleit barnsskónum í fjölþjóðlegu ríki Ottómana og bjó lengst af innan Breska heimsveldisins sem ríkti yfir Egyptalandi frá 1882. Í byrjun síðustu aldar var Alexandría deigla hugmynda, miðstöð heimsborgaralegra viðhorfa og alþjóðlegrar verslunar. Þar var auðugt menningarlíf, til dæmis voru gefin þar út tvö bókmenntatímarit sem þóttu framsækin „avant garde“ í samanburði við þá íhaldssemi í menningarmálum sem var ríkjandi í Aþenu (Kitroeff, 1983). Kannski var Kavafis utangarðsmaður á einn veg til með því að vera enn heimsborgari á tímum þegar þjóðernisstefna var í sókn og þjóðarmorð voru ýmist í uppsiglingu eða fullum gangi.

Eins og Robert Liddel (1983), Diskin Clay (1983) og Louis A. Ruprecht (2015) hafa fjallað um tilheyrði Kavafis alþjóðlegum heimi hellenskrar menningar fremur en þjóðmenningunni í Grikklandi samtímans. Um hans daga var gríska enn töluð víða utan við landamæri Grikklands. Hann kom raunar sjaldan inn fyrir þessi landamæri og sögulegir atburðir sem hann fjallaði um í ljóðum sínum áttu sér flestir stað á tímum hellenisma og býzanska ríkisins á stöðum sem nú tilheyra öðrum ríkjum en Grikklandi. Í ljóðum hans er miðja hellenskrar menningar séð frá jöðrum hennar. Sögusviðið er Antíokkía á Sýrlandi og Alexandría í Egyptalandi fremur en Aþena.

Skáldkonan Myrriotissa (1885–1968)¹⁵ heimsótti Kavafis í Alexandríu um miðjan þriðja áratuginn og lýsti honum sem manni sem sá gegnum tímann: „Augu eins og augu hans sjáum við aldrei í neinum öðrum manni, einfaldlega vegna þess að þau eru ekki augu samtímamanns. Þetta eru augu sem mæta okkur úr mikilli fjarlægð, úr djúpi aldanna og í þeim býr leyndardómur lífs sem við þekkjum ekki“ (Angelopúlú, 2014). Eins og Xenopúlos leit Myrriotissa á Kavafis sem vitring, mann sem sá það sem öðrum er hulið.

Enn einn samtímamaður sem hitti Kavafis á þriðja áratugnum og sagði frá kynnum sínum af honum var krítverski sagnameistarinn Nikos Kazantzakis (1883–1957) sem sagði að hann væri maður annars tíma og hefði ef til vill átt að fæðast í Flórens á 15. öld (Kazantzakis, 2011). Kazantzakis lýsti Kavafis sem heillandi manni og sagði að rödd hans væri tælandi og um leið tengdi hann fas skáldsins við spillingu og synd. Þetta var ef til vill einhvers konar staðalmynd af samkynhneigðum listamanni í byrjun síðustu aldar. Á sinn hátt svaraði Kavafis þessari staðalmynd með því að lýsa samkynhneigð sem hluta af hellenskri heimsmenningu og hampa siðferði þessarar sömu menningar og gera það í senn kröfuharðara og virðingarverðara en tepruskap samtímans.

Fleiri en Myrriotissa og Kazantzakis hafa lýst Kavafis sem gestkomandi í eigin samtíð. Listmálarinn og



Málverk Engonopúlosar af Kavafis

¹⁵ Hún hét þeoni Þrakopúlú (Θεώνη Δρακοπούλου) áður en hún tók sér skáldanafnið Myrriotissa.

Ljóðskáldið Níkos Engonopúlos (1907–1985) gerði það á sinn hátt þegar hann málaði mynd af skáldinu árið 1948. Myndin er gerð eftir ljósmynd sem var tekin 1932, þegar Kavafis dvaldi á spítala í Apenu þar sem reynt var að lækna krabbameinið sem hann dó úr árið eftir. Engonopúlos staðfestir að Kavafis bjó utan við tímenn því hann er málaður eins og Býzönsk helgimynd – meira að segja á tré og með sams konar litum og notaðir voru við helgimyndagerð.

Eins og ég hef reynt að skýra vekja ljóð Kavafis spurningar um hvort við getum áttað okkur á hvar við erum stödd á vegferð okkar um söguna, hvað er handan við hornið. Þau vekja líka spurningar um hvort við getum gengið upprétt til móts við það sem bíður okkar eða hvort holskeflan sem keyrir okkur niður kemur úr óvæntri átt og við erum óhjákvæmilega leiksoppar aðstæðna sem við getum á engan hátt búið okkur undir. Það sem við vitum um manninn sjálfan vekur svo enn eina spurninguna: Hvað þurfum við að vera miklir utangarðsmenn til þess að átta okkur og ganga upprétt?

Áttunarvandi þeirra sjálfumglöðu

Lítum nú aftur á ljóðið Beðið eftir barbörum. Þar talast tveir menn við. Það eru kaflaskil á undan síðustu tveim línunum í ljóðinu og óljóst hvort þær eru lagðar í munn öðrum þeirra tveggja sem ræða saman. Spurningarnar sem málshefjandi ber fram enda með spurningamerkjum en spurningin í næstsíðustu línunni ekki. Ef til vill er það til að benda á að hún sé ekki framhald af samræðunni heldur athugasemd ljóðmælanda um allt sem rætt var.

Annar þeirra tveggja sem ræðast við, spyrjandinn, ber fram spurningar og lætur ekki í ljós annað en undrun á því sem fyrir augu ber, nema ef vera skyldi að hann mæli síðustu tvær línurnar. Hinn, svarandinn, talar eins og hann skilji hvað er á seyði en hann skortir ytra sjónarhorn á heim sinn – er ekki nægilega utangarðs til að átta sig. Eins og Maria Boletsi (2007, 2014) bendir á sjá mælendurnir lítið út fyrir eigin heim. Að minnsta kosti virðist svarandinn gera ráð fyrir að framvinda þessa heims endurtaki sig og barbararnir gangi inn í barbarahlutverk sem eru skilgreind innan liðinnar sögu. Hann gerir ráð fyrir að hann viti hvernig barbararnir hugsa og hvað þeir munu gera og hvað þeir vilja. Þetta birtist í svörum: „Þegar barbararnir koma ákveða þeir lögin“, „barbarar heillast af slíkum hlutum“ og „barbörum leiðist málskrúð og ræður“. Raunin er samt að hann veit ekki hvað tekur við og það rennur upp fyrir honum í lokin.

Nokkrum árum seinna rann það líka upp fyrir mörgum Evrópumönnum að það sem ógnaði þeim var ekki innrás neinna barbara og þeir björguðu ekki sinni eigin menningu með því að skjóta niður fólk suður í Súdan. Þeir rústuðu sjálfir sínum eigin heimi í styrjöldinni 1914–18 og þær hörmungar gátu fáir séð fyrir.

Svarandinn í ljóðinu er innlyksa í eigin heimi og getur ekki séð hann utan frá. Hann er, að minnsta kosti í byrjun, fullur af kokhraustri vissu, en veit samt ekkert. Þeir sem tala saman eru hluti af samfélagi þar sem yfirstéttin virðist álíka blind og svarandinn. Og hún virðist uppefin á hlutverki sínu. Það er eins og stjórnsýslan hafi gefist upp og samfélagið sé einhvern veginn orðið þreytt á sjálfu sér. Keisarinn, öldungarnir á þinginu og ræðumennirnir eru þess albúnir að víkja fyrir barbörum og almenningur virðist vona að það gerist og mælandinn í síðustu línu, hver sem hann er, sér það sem einhvers konar úrlausn, lausn á vanda, leið til að losa hnúta, hreinsa til eða ljúka verki. Síðasta orðið í ljóðinu, „λύσις“ sem þýtt er sem „úrlausn“, hefur allar þessar merkingar. Ég veit ekki hvort það skiptir máli að Kavafis notar fornlega

beygingarmynd þessa orðs. Í nútímamáli er nefnifallið „λύση“. Kannski er það til að gera ljóðið að lýsingu á ráðvilltu fólki á öllum tímum þótt það vísi ef til vill líka í frétt í dagblaði frá 1898.

Sviðsetningin í ljóðinu er ekki raunsæisleg. Þetta er stutt samtal, sem ætti ekki að taka nema nokkrar mínútur. Það byrjar samt að morgni þegar spurt er af hverju keisarinn sé kominn á fætur svona snemma og því lýkur um kvöld þegar dagurinn er liðinn og barbararnir komu ekki. Tíminn sem líður innan ljóðsins virðist því bæði heill dagur og fáeinar mínútur og þetta er ef til vill líka til þess að hefja það yfir stað og stund. Gera það í senn að athugasemd um samfélagið sem Kavafis tilheyrði í byrjun síðustu aldar og að lýsingu á áttunarvanda þeirra sjálfumglöðu á öllum tímum.

Rit

- Angelopúlú, Anna [Αγγελούλου, Άννα]. (2014, 31. mars). Η ποιήτρια Μυρτιώτισσα για τον ποιητή Κ. Π. Καβάφη. Sótt af http://annangelopoulou.blogspot.com/2012/03/blog-post_31.html
- Atli Harðarson. (2012). Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskráfræði. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 71–90.
- Beaton, Roderick. (1983). The history man. *Journal of the Hellenic diaspora*, 10(1–2), 23–44.
- Boletsis, Maria. (2007). Barbaric encounters: Rethinking barbarism in CP Cavafy's and JM Coetzee's *Waiting for the barbarians*. *Comparative literature studies*, 44(1/2), 67–96.
- Boletsis, Maria. (2014). Still waiting for barbarians after 9/11?: Cavafy's reluctant irony and the language of the future. *Journal of Modern Greek Studies*, 32(1), 55–80.
- Catsaouni, Helen. (1983). Cavafy and the theatrical representation of history. *Journal of the Hellenic diaspora*, 10(1–2), 105–116.
- Cavafy. (1961). *The complete poems of Cavafy* (ensk þýðing Rae Dalven). New York, NY: Harcourt, Brace & World.
- Cavafy. (2007). *The collected poems: With parallel Greek text* (ensk þýðing Evangelos Sachperoglou). Oxford: Oxford University Press.
- Clay, Diskin. (1983). The silence of Hermippos: Greece in the poetry of Cavafy. Í Denise Harvey (ritstjóri), *The mind and art of C. P. Cavafy: Essays on his life and work* (bls. 157–181). Aþena: Denise Harvey & Company.
- Forster, E. M. (1983a). The Poetry of C. P. Cavafy. Í Denise Harvey (ritstjóri), *The mind and art of C. P. Cavafy: Essays on his life and work* (bls. 13–18). Aþena: Denise Harvey & Company.
- Forster, E. M. (1983b). The complete poems of C. P. Cavafy. Í Denise Harvey (ritstjóri), *The mind and art of C. P. Cavafy: Essays on his life and work* (bls. 40–45). Aþena: Denise Harvey & Company.
- Gyrðir Elíasson. (2011). *Tunglið braust inn í húsið*. Akranes: Uppheimar.
- Jusdanis, Gregory. (2015). Why Is Cavafy so popular? *Studies in the literary imagination*, 48(2), 111–121.
- Kavafis, Konstantinos P. [Καβάφης, Κωνσταντίνος Π.]. (2008). *Ποιήματα*. Aþena: Συλλογή.
- Kazantzakis, Nikos [Καζαντζάκης, Νίκος]. (2011, 2. október). Ο Νίκος Καζαντζάκης γράφει για τον Κωνσταντίνο Καβάφη. Sótt af <http://www.poein.gr/archives/14495/index.html>
- Keeley, Edmund. (1976). *Cavafy's Alexandria: Study of a myth in progress*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Keeley, Edmund. (1983). The 'new' poems of Cavafy. Í Denise Harvey (ritstjóri), *The mind and art of C. P. Cavafy: Essays on his life and work* (bls. 46–59). Aþena: Denise Harvey & Company.
- Kitroeff, Alexander. (1983). The Alexandria we have lost. *Journal of the Hellenic diaspora*, 10(1–2), 11–21.
- Kristján Árnason (ritstjóri). (2013). *Grikkland alla tíð*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.
- Liddel, Robert. (1983). Studies in genius: Cavafy. Í Denise Harvey (ritstjóri), *The mind and art of C. P. Cavafy: Essays on his life and work* (bls. 19–32). Aþena: Denise Harvey & Company.

- McClanan, Anne. (2015). Cavafy the Byzantinist: The poetics of materiality. *Studies in the literary imagination*, 48(2), 31–46.
- MacKridge, Peter. (2007). Introduction. Í Cavafy, *The collected poems* (bls. xi–xxxiii). Oxford: Oxford University Press.
- Ruprecht Jr, Louis A. (2015). Waterways, not walls: Cavafy, the cosmopolitan poet of blurred boundaries. *Studies in the literary imagination*, 48(2), 47–71.
- Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson (ritstjórar). (2009). *Grikkland ár og síð*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.
- Spender, Stephen. (1983). Cavafy: The historic and erotic. Í Denise Harvey (ritstjóri), *The mind and art of C. P. Cavafy: Essays on his life and work* (bls. 89–93). Atena: Denise Harvey & Company.
- Tsirkas, Stratis [Τσίρκας, Στρατής]. (1971). Ο πολιτικός Καβάφης. Atena: Κέδρος.
- Xenopoulos, Grigorios [Ξενόπουλος, Γρηγόριος]. (e.d.). Ένας ποιητής. Sótt af <http://www.kavafis.gr/kavafology/articles/content.asp?id=1> (Birtist upphaflega í tímaritinu Παναθήναια, 4 árg. 30 nóvember 1903.)
- Þorsteinn Vilhjálmsson. (2016). *Mundu, líkami: Óritskoðuð grísk og rómversk ljóð*. Reykjavík: Partus.